

Stjórnarfundur UMSB 19. apríl 2016 í þjónustumiðstöð UMSB

Mætt: Sólrún Halla sambandsstjóri, Elva Péturs gjaldkeri, Sigríður Dóra tómskundastjóri, Guðrún Þórðar, Þórhildur María, Anna Dís, Þórkatla Dagný, Pálmi framkvæmdastjóri.

1. Sambandsstjóri setur fundinn
Sólrún Halla sambandsstjóri setur fundinn.
2. Sambandsstjóri ber undir atkvæði
Fundargerð samþykkt samhljóða og ritað undir.
3. Farið yfir verkefni, yfirstandandi og framtíðarverkefni.
 - Farið yfir Felix og hverjir hafa skilað starfsskýrslu, Skotfélagið og Reykdælir eftir að skila.
 - Starfsstyrkur, umsóknarfrestur til 1. Maí.
 - Farið yfir hvað þarf að gera fyrir íþróttavellina. Byrjað á kostnaðar áætlun fyrir vökvunarkerfi á vellinum.
 - Framkvæmdir vegna unglingsmóts.
 - Nýjir stjórnarmeðlimir fari yfir samninga UMSB fyrir næsta fund.
 - Sigga Dóra sagði frá verkefnum tómskundaskólans, félagsmiðstöðvarinnar, vinnuskólans og sumarfrjósins.
4. Heilsuvika/hreyfivika
 - Evrópuverkefni – felur í sér að efla hreyfingu innan Evrópu.
 - Hreyfivika UMFÍ 23. – 29. Maí nk

Bókun: Pálmi sendir út póst vegna hreyfivikunnar til aðildarféлага til þess að hvetja fólk til þess að vera boðberar hreyfingar.
5. Unglingalandsmót
 - Vantar sérgreinastjóra fyrir tölvuleiki, ólympískar lyftingar og strandblak.
 - Verið að vinna í því að fjármagna mótið.
 - Tjaldsvæðið komið langt á leið.
6. Önnur mál
 - Lög sambandsins, nýjir stjórnarmeðlimir skrifuðu undir.
 - Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ gáfu styrk fyrir námskeiði í Ólympískum lyftingum. Lárus Páll Pálsson ætlar að halda námskeiðið.
 - Rætt hvar formannafundurinn á að vera haldinn og hvenær. Ákveðið að hafa hann 3. Maí í Logalandi, ef það gengur upp fyrir Umf. Reykdæla .
 -
 - Bókun: Pálmi sendir út boð til aðildarféлага um formannafund 3. maí á mánudaginn kemur.

Næsti fundur 17. Maí 2016 á Hvanneyri.

Fundi slitið kl. 21:34
Þórkatla Dagný ritaði fundargerð